

ÞRIÐJUDAGUR 30. JÚNÍ 1981

Pilgrímaflug frá Nígeríu:

Samstarf Flugleiða og SAS með Jumbó-potum

FLUGLEIÐIR hafa unnið að því að undanföru að leigja eina til tvær Boeing 747-breiddpotur frá SAS til endurleigu í pilgrímaflug milli Nígeríu og Jedda í Saudi-Arabíu. en Flugleiðum hafa borist nokkur tilboð um pilgrímaflug. en þau miðast öll við að breiddpotur annist þá flutninga. Það mun liggja fyrir á næstu dögum hvort af þessum samningum verður en miðað er við að áhafnir frá SAS verði á vélunum en Flugleiðir sjái um reksturinn og framkvæmdina í Nígeríu og Jedda. Fyrir skömmu leigðu Flugleiðir DC-8-potu af SAS. en svo nán samvinna hefur ekki verið milli Íslendinga og SAS um langt árabil.

Pilgrímaflug það sem um ræðir önnuðust Flugleiðir á sl. ári, en þar sem Flugleiðir hafa ekki breiddpotur er ekki útlit fyrir að pilgrímaflug verði á áttum félagsins í haust, a.m.k. ekki fyrr en útséð er um það hvort breiddpotur fást í verkefni. Pilgrímaflugid í haust verður í september og október. SAS-bumburnar tvær, eins og Boeing 747 er stundum kölluð, eru nú með sæti fyrir 390 farþega (áttunnar hafa 250 sæti), en ef af samningum verður á að fjölga sætum upp í 460-470. Mest

er hægt að hafa 540 sæti í Jumbo-potunum. Þeir samningar, sem standa yfir, miða við að ein þota fljúgi frá Maidiguri í Nígeríu og önnur frá Kano í Nígeríu.

Flugleiðir annast nú leiguflug með farþega á innanlandsleiðum í Nígeríu með Boeing 727-100-vél félagsins og gengur það flug ágætlega á aðalleiðinni milli Kano og Lagos kvölds og morgna, en fjöldi farþega er yfirleitt frá 80 og allt upp í fullsetna vél.



Að tina fifla handa mömmu

Björgunarbúnaður Sigmunds í allan Eyjaflotann

Sigmundspallur í japönsku skuttogarana tíu

ÚTVEGSBÆNDUR í Vestmannaeyjum hafa ákveðið að setja björgunarbúnað Sigmunds Jóhannssonar í allan flota Vestmannaeyinga fyrir næstu vetrarvertíð. en björgunarbúnaður Sigmunds þykir valda byltingu í öryggismálum sjómanna. Þá hafa eigendur allra 10 japönsku skuttogaranna ákveðið að setja björgunarbúnað Sigmunds í togarana og er þegar búið að setja upp Sigmundspall í skuttogarann Vestmannaey.

Þau björgunartæki sem um ræðir eru Sigmundsgálginn, Sigmundspallurinn og m.a. búnaður, sem losar gúmmí-björgunarbát sjálfkrafa ef pilla í stýrishúsi blotnar, handföng víða um skip og m.a. á kili ef vill, en Sigmund mun sjálfur leggja á ráðin í sambandi við hvert skip hvaða búnað sé hyggilegast að nota.

Áhugamenn í Vestmannaeyjum um öryggismál sjómanna hafa unnið markvisst að framgangi málsins, en Eyjamenn

hafa löngum haft frumkvæði í framkvæmd öryggismála sjómanna og má t.d. nefna ákvörðun um notkun gúmmíbjörgunarbáta. Það er Vélaverkstæðið Þór í Eyjum sem mun smíða björgunarbúnað Sigmunds í Eyjaflotann og japönsku togarana, en Eyjaflotinn telur um 60-70 skip. Útvegsbændur í Eyjum tóku undantekningarlaust mjög vel í hugmyndir áhugamanna um að hrinda þessu máli í framkvæmd nú þegar og Lifeyrissjóður Vestmannaeyja hefur ákveðið að

lána 20 þús. kr. (2 millj.gkr.) til hvers báts sem lætur björgunarbúnað Sigmunds um borð.

Sjóslýsanefnd hefur mælt mjög eindregið með notkun björgunarbúnaðs Sigmunds, og

talsmenn Siglingamálastofnunar hafa lýst yfir ánægju sinni með búnaðinn, en málið er til umfjöllunar ennþá hjá Siglingamálastofnun varðandi lögskipun tækjanna.

Háskólinn tekur við Reykjavíkrapóteki

HÁSKÓLI Íslands hefur keypt lyfjasöluleyfi Sigurðar Ólafssonar lyfsala í Reykjavíkrapóteki. Kom þetta fram í ræðu Guðmundar Magnússonar háskólarektors er hann flutti við útskrift kandidata frá Háskólanum á laugardaginn var. Sjá miðsíðu Mbl. í dag.

Mbl. hafði samband við Sigurð Ólafsson og sagði hann að lyfjasöluleyfi Reykjavíkrapóteks væri eina leyfið sem mætti selja án ihlutunar ráðherra, þar sem apótekið væri sett á stofn áður en núverandi lyfsölulög tóku gildi. Hann sagði að hann mætti selja

leyfið til þess er fullnægir skilyrðum laga til að kaupa það. Í öðrum tilvikum veitir heilbrigðismálaráðherra umsækjendum leyfið.

Sagði Sigurður að umræður við Háskólann hefðu farið fram undanfarin ár og hefði verið langur aðdragandi að þessum skiptum. Hefði Reykjavíkrapótek verið rekið undanfarna mánuði með það í huga að Háskólinn væri að taka við því. Ekki vissi Sigurður hvenær Háskólinn tæki formlega við starfsemi.

Guðmundur Magnússon háskólalector sagði í samtali við Mbl. að apótekið yrði rekið áfram óbreytt þangað til þeir hefðu fengið lyfjasöluleyfið gefið út á nafn Háskólans. Formlega yrði ekki hægt að taka við því fyrr en þá.

Aðspurður hvers vegna Háskólinn hefði keypt þetta leyfi, sagði Guðmundur að það væri til að vista nemendur í lyfjafræði lyfsla og eins kemur til greina að stunda þarna framleiðslu í sambandi við rannsóknir. Einnig væri það meiningin í framtíðinni að hægt verði að mennta menn til fullgildra lyfjafræðinga.

Þetta hefði ekki verið hægt nema Sigurður Ólafsson hefði sýnt þessu áhuga og reyndar mun þetta hafa komið til tals hjá forvera hans þannig að þetta er gamall áhugi. Sagði Guðmundur, að gengið hefði verið frá samningum 1. janúar á þessu ári og sagðist hann vona, að Háskólinn gæti tekið formlega við hvaða dag sem er í nánustu framtíð.

eriðnar í þörmum sér, án þess að verða varir við einkenni.

Flugmaðurinn í London er talinn vera með einhverja tegund Salmonella-sýkingar og barst íslenskum heilbrigðisyfirvöldum símskeyti frá brezkum heilbrigðisyfirvöldum þess efnis í gær. Það verður ekki ljóst fyrr en síðdegis í dag hvers konar Salmonella-sýkingu hér um ræðir, en þær eru að sögn landlæknis breytilegar hvað varðar sýkingu og smíthættu.

Hérlendis hefur aðeins orðið vart vægra tilfella Salmonella-sýkinga að sögn Ólafs Ólafssonar landlæknis. Blóðkreppusótt og Salmonella herja fyrst og fremst á þarna manna. Adaleinkenni eru mjög hár hiti, uppköst og niðurgangur.

30-40 ungmenni tengjast hassmáli

RANNSÓKN stendur yfir á all umfangsmiklu fíkniefnamáli hjá fíkniefnaeild lögreglunnar í Reykjavík.

Þrjú ungir menn sátu um tíma í gæzluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins en þeim hefur nú verið sleppt úr haldi. Um er að ræða fíkniefnasmygl og neyzlu undanfarna mánuði og tengjast 30-40 ungmenni þessu máli.

Tveir íslenskir flugmenn í einangrun:

Fengu smitandi hitabeltis-sjúkdóma í Libýu og Nígeríu

Annar þeirra hugsanlega með blóðkreppusótt

TVEIR flugmenn Flugleiða liggja í einangrun með smitandi hitabeltissjúkdóma, sem þeir fengu, annar í Libýu en hinn í Nígeríu, en þeir hafa verið þar að störfum í pilgrímaflugi. Annar þeirra kom til Íslands frá Nígeríu aðfaranótt sl. föstudags og var þá þegar orðinn veikur. Hann liggur á Landspítalanum og er enn þungt haldinn. Hinn flugmaðurinn kom til London frá Libýu aðfaranótt laugardags og liggur nú í einangrun í sérstöku smitsjúkdómasjúkrahúsi þar. Hann varð mikið veikur 12 klukkustundum eftir að hann kom til London og var þá þegar fluttur á sjúkrahús, en samkvæmt heimildum Mbl. var hann á batavegi síðdegis í gær.

Ólafur Ólafsson landlæknir sagði í viðtali við Mbl. í gær að boðað hefði verið til fundar vegna þessa með sérfræðingum á sviði farsóttá hérlendis í þeim tilgangi, að endurskoða reglur sem gilda hér um. „Þetta hefur orðið til þess að við ætlum að taka þessi mál

sérstaklega til athugunar og kannske setja strangari reglur hvað varðar aðbúnað þessa fólks, sérstaklega ef við förum að stunda það mikið að senda flugliða til Austurlanda.“

Sigurður B. Þorsteinsson sérfræðingur í smitsjúkdómum sagði

í gærkvöldi, að flugmaðurinn, sem liggur á Landspítalanum, væri enn þungt haldinn. Hann sagði einnig að ekki hefði tekist að sanna hvers konar sýkingu væri þar um ræða. „Það gæti veri Salmonella, en einnig Shiegella, sem ber heitið blóðkreppusótt á íslensku. Báðar valda þær þarma-sýkingu en eru af tvenns konar bakteríuætt,“ sagði hann. Þá sagði hann báðar tegundirnar smitandi, en blóðkreppusótt væri bráðsmítandi. Aðspurður sagði hann meðgöngutíma frá smitun þessara sjúkdóma þar til einkenna yrði vart mjög misjafnan, allt frá einum sólarhring og upp í það, að menn gengju ævilangt með bakt-